



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2023

Tilvísun: 202303-0177

**Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2002 (makamissir)**

Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp um breytingar á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2002. ASÍ fagnar framkomnu frumvarpi enda um réttarbót að ræða sem aðstoðar fjárhagslega foreldra barna þar sem annað foreldrið í sambúð/hjúskap fellur frá. Fær þannig eftirlifandi foreldri tímabundið svigrúm til að sinna og aðstoða börn sín á erfiðri stundu. Mikil áhersla hefur verið á það hér- og erlendis að auka svigrúm fólks til þess að sinna brýnum fjölskylduaðstæðum og rímar frumvarp þetta við þá vinnu. Á sama tíma og eftirlifandi foreldri gengur í gegnum erfiða tíma með barni sínu, er létt undir tímabundið mögulegum fjárhaglegum áhyggjum.

ASÍ hvetur þó til endurskoðunar á skilyrðum laganna um sambúð/hjúskap, enda ljóst að foreldri sem eftir lifir getur staðið utan sambúðar/hjúskaps foreldris sem fellur frá en ber þó mikla ábyrgð gagnvart barni sínu í sorg, líkt og foreldri sem eftir lifir sambúðar- eða hjúskaparmaka sinn. Hið sama gildir um barn sem missir foreldri sem ekki er í sambúð/hjúskap með því foreldri sem býr með barni þess. Sé tilgangur frumvarpsins að gæta að velferð barns, jafnt við að huga að eftirlifandi foreldri, ætti þar með ekki að undanskilja þau börn sem ekki búa á heimili tveggja aðila sem í sambúð/hjúskap voru.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karen Ósk N. Björnsdóttir', written over a faint blue circular stamp.

Karen Ósk N. Björnsdóttir, lögfr.